

Alþingi
Erindi nr. P 130/920
komudagur 3.2.2004



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. janúar, 2004


Umsögn um: Þingsályktunartillögu um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 35. mál.

Barnaheill vilja með umsögn þessari fyrst og fremst taka undir mikilvægi þess að efla félagslegt forvarnastarf.

Barnaheill vilja einnig benda á að starf á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga um allt land eru kjörin vettvangur til að þjálfa börn og unglinga í að láta skoðanir sínar í ljós bæði með rökræðum og með þátttöku í verkefnum á vegum þessara aðila. Á þann hátt gætu stjórnvöld verulega stutt við framkvæmd 12. greinar Barnasáttmálans og þróað, ekki bara börnin, heldur allt samfélagið í að nota lýðræðisleg vinnubrögð í daglegu lífi og efla sjálfsmat ungs fólks sem er stór þáttur í að efla félagslegt forvarnastarf.

Athugasemdin sem samtökin vilja koma á framfæri er að ekki er ljóst við lestur tillögunnar hver ætti að framkvæma úttektina á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu. Væri til bóta að það kæmi skýrt fram. Til þess að geta tekið skynsamlegar stefnumótandi ákvarðanir er nauðsynlegt að vinna vel að þessari úttekt.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla


Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri.